

**Til Íbúaráðs Vesturbæjar og Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur
vegna umræðu á dagskrá fundar Íbúaráðsins þann 16. desember um
Breytingar á sánaaðstöðu í Vesturbæjarlaug.**

Kæru fulltrúar Íbúaráðs Vesturbæjar og fulltrúar Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur.

Við undirritaðar bendum á skort á samráði við fastagesti Vesturbæjarlaugar og skort á gagnsæi í breytinga- og hönnunarferli á saunaaðstöðu í lauginni. Við hvetjum ákvarðanatökuhafa borgarinnar til að snúa við blaðinu, endurhugsa ferlið og tryggja samvinnu og samtal milli fastagesta, fagaðila og ákvarðanatökuhafa.

Við vekjum athygli á ábyrgð Menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs á samráði við notendur. Samkvæmt [samþykkt fyrir menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar](#) frá 6. nóvember 2018 skal ráðið móta stefnu í menningar-, íþrótt- og tómstundamálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri íþrótt- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt (sjá 2.grein). Þá er skýrt kveðið á um að ráðið beri ábyrgð á samráði við íbúa og hagaðila í grein 9:

**Samráð
9. gr.**

Samráð 9. gr. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð hefur nána samvinnu við félög og aðra sem hafa menningu-, íþrótt- og tómstundamál á sinni stefnuskrá, mótar stefnu um samstarf við þau og gefur þeim kost á, eftir því sem þurfa þykir, að tilnefna fulltrúa til samstarfs.

Í umræddu saunaverkefni er um að ræða umfangsmiklar breytingar til langs tíma sem hafa áhrif á gæði, notkunarmöguleika og menningu sundlaugarinnar og er greinilegt tilefni til þess að leita umsagna og samráðs við fastagesti Vesturbæjarlaugar. Að því tilefni vekjum við einnig athygli ykkar á undirskriftalista þar sem sundlaugagestir óska eftir samtali hér: [undirskriftalisti](#).

Viðhorfskönnunin sem var send út af hálfu Reykjavíkurborgar getur ekki talist til samráðs eða samtals um breytingarnar og lúta spurningarnar ekki sérstaklega að breytingum í Vesturbæjarlaug.

Við bendum einnig á að samráð er æskilegur hluti af vönduðu undirbúningsferli og ætti síður að hefjast eftir að hönnunartillögur eru kynntar.

Um framvindu málsins síðasta mánuðinn

1. Á tímabilinu 6. nóvember til 11. desember hafa 121 fastagestir sundlaugarinnar skrifað undir [undirskriftalista](#) og óskað er eftir samtali milli borgaryfirvalda, fastagesta og fagfólks í lýðheilsu-, samfélags- og menningarmálum um yfirstandandi breytingar á baðstofu Vesturbæjarlaugar.
2. Á fundi Menningar, íþrótt- og tómstundaráðs þann 8. nóvember lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks til að efnt yrði til samráðs um yfirstandandi breytingar á gufubaðstofu Vesturbæjarlaugar við notendur hennar. [Fundargerð](#)
3. Þann 3. desember var sett fram viðhorfskönnun að hálfu Reykjavíkurborgar í anddyri Vesturbæjarlaugar. Könnunin sem ber titilinn “Ný er tækifæri að hafa áhrif!” inniheldur spurningarnar sem snúa að því hvort og hvaða tegund saunu, þurrufu, blautufu, infrarauðrar gufu gestir myndu nýta sér.
4. Dagana 5. desember til 6. desember ræddu undirritaðar við um 30 fastagesti sem höfðu sýnt áhuga á málinu í Facebook hópum sem tengjast Vesturbænum og Vesturbæjarlaug. Um helmingur þessara fastagesta höfðu mikinn áhuga á að taka þátt í samráðsferli ef til kemur.
5. Þann 5. desember var byrjað að rífa niður gömlu sauna aðstöðuna og það hefur komið skýrt fram að kominn var tími á viðhald og ekki hjá því komist að nálgast verkefnið með niðurrifi á því sem fyrir var.

Þar að auki hafa undirritaðar átt í samskiptum við Önnu Kristínu Sigurðardóttur forstöðukonu Vesturbæjarlaugar, Helgu Friðriksdóttur skrifstofustjóra íþróttaborgarinnar og fleiri sem koma að ferlinu til þess að vera eins upplýstar og kostur er.

Tillaga að skapandi og samfélagsmiðuðu hönnunarferli

Við leggjum til að nú verði staldrað við hönnunarvinnu og verkefnið nálgast út frá þjónustuhönnunar aðferðafræði, eða hönnunarhugsun (e: design thinking) sem byggir á því að setja notendur í forgrunn og undirbúa hönnunarvinnu vel með því að fá fram fjölbreytt sjónarhorn og þróa lausnir í gegnum skapandi og ígrunduð ferli.

Í þessu ferli leggjum við til eftirfarandi skref:

Djúpviðtöl, vinnustofur og greining á ólíkum þörfum:

Ræðum við fastagesti, ólíka notendahópa og sérfræðinga á sviði lýðheilsu og aðgengismála. Með þessu tryggjum við að framtíðarplön taki mið af ólíkum þörfum og væntingum óháð kyni, aldri eða aðstæðum.

Að sagan og menningarlegt gildi sundlaugarinnar verði skoðað:

Leggjum áherslu á að greina og meta menningarleg verðmæti laugarinnar og minnumst þess að Vesturbæjarlaug var kostuð af íbúum og hefur gegnt samfélagslegu hlutverki síðan 1961. Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir þá sundlaugamenningu sem nú hefur verið [tilnefnd á skrá UNESCO](#)?

Að heildarstefna um sundlaugar í borginni verði endurskoðuð:

Núverandi [stefna Reykjavíkurborgar um laugarnar í Reykjavík er frá 2012, Laugarnar í borginni, framtíðarsýn til 20 ára](#) og mætti endurskoða hana og skoða hvort hún endurspegli lýðheilsuþróun, menningarleg gildi og framtíðarsýn samfélagsins í dag.

Horfum á sundlaugina í samhengi við svæðið og hverfisSKIPULAG:

Tryggjum að fyrirhugaðar breytingar á lóð Vesturbæjarlaugar séu teknar inní myndina. Hvernig passa breytingar á saunu núna við framtíðarplön fyrir Vesturbæjarlaug? ([Breyting á deiliskipulagi](#))

Gerum kostnaðarmat og þróum 5-25 ára langtímasýn:

Þegar tillögur eru settar fram mætti áfangaskipta þeim og taka tillit til fjárhagslegrar ábyrgðar og ramma. Með langtímasýn tryggjum við sjálfbærni og stöðugar umbætur og viðhald sem nýtast til langs tíma.

Við teljum að með þessum hætti getum við saman mótað sjálfbæra og vel ígrundaða sýn fyrir áframhaldandi hönnun og umbótavinnu í sátt. Við þurfum ekki að gera allar breytingar í einu; þróum verkefnið í áföngum þar sem ólíkar nálganir eru kostnaðarmetnar og settar í samhengi við heildarskipulag svæðisins. Tökum mið af íþrótt- og tómstundastefnu borgarinnar og framtíðarsýn nærsamfélagsins til að skapa lausnir sem styrkja ekki aðeins sundlaugina sem lykilstað heldur einnig samfélagið og menninguna í heild.

Hér að neðan eru umræðupunktur og spurningar sem gott væri að ræða.

Virðingarfyllt,

Ásta Olga Magnúsdóttir - verkefnastjóri og sýningahönnuður

Bjargey Ólafsdóttir - myndlistarmaður

Guja Dögg - arkitekt og kennari

Kristín Gunnarsdóttir - hönnuður og myndlistarmaður

Kristín María Sigþórsdóttir - rýmis- og upplifunarhönnuður

UMRÆÐUPUNKTAR

STEFNA & FRAMTÍÐARSÝN

- Eru þættir í stefnunni **Laugarnar í Reykjavík** frá 2012 sem mætti endurskoða vegna breytinga í samfélaginu? (en hún er hugsuð til 20 ára og ekki er fjallað um kyn-hlutlaus rými eða ólíkar saunur sérstaklega)
- Mætti skoða stefnuna með það í huga að sundlaugar í borginni geta verið ólíkar og uppfyllt ólíkar þarfir? (til dæmis þurfa ekki allar sundlaugar að vera með eins sauna aðstöðu).
- Hver er aðkoma lýðheilsufræðinga á stefnumótun og ákvarðanatöku?
- Hvernig er tekið tillit til menningarverðmæta og samfélagslegra þátta við ákvarðanatöku? (ATH í samhengi við að Sundlaugamenning Íslands er tilnefnd til UNESCO)
- Hvernig er verklag og samstarf MÍR við skipulagssvið borgarinnar og hvernig vinna aðilar saman að saunabreytingum annars vegar og [breytingum á deiliskipulagi](#) hins vegar?

UNDIRBÚNINGUR & SAMRÁÐ

- Hvernig munuð þið nýta niðurstöður úr viðhorfskönnuninni og hvað segir hún ykkur um ólíka minnihlutahópa sem eru kannski með sérþarfir?
- hvernig verða breytingatillögur kynntar, og hvaða möguleikar eru á samráði við íbúa. (HF: Við gerum ráð fyrir að sýna breytingar myndrænt í lauginni – vonandi stór og skýr plaköt. Vonandi kynnt fljótlega – hönnunartillaga er á lokametrinum. Geri ráð fyrir góðum umræðum á fundi íbúaráðsins í desember.)

HÖNNUN, FRAMKVÆMD & KOSTNAÐUR

- Fór hönnunarvinnan í útboð? Á hvaða forsendum voru arkitektar ráðnir til verksins?
- Hvernig verður hugsað fyrir viðhaldi í framhaldinu og komið í veg fyrir skemmdir?
- Er búið að skoða ólíkar sviðsmyndir? kostnaðarmeta ólíkar tillögur?
- HF: *Já að einhverju leiti út frá almennu aðgengi fyrir fatlaða. En að öðru leiti er sviðsmyndin; a) 2 mismunandi tegundir af sánum (finnsk sána vs infra rauð) fyrir öll kyn b) eingöngu finnsk sána eða infra rauð sána fyrir karlkyn og kvenkyn en þá vantar sjálfsagt kynsegin sánu.*
- Eru til upplýsingar um hversu mikið fjármagn hefur verið sett í sundlaug Vesturbæjar og aðra aðstöðu til frístundaiðkunar í Vesturbænum miðað við í öðrum hverfum?
- Við skiljum að þessi framkvæmd er nauðsynleg vegna öryggismála eða hætta á miklum skemmdum á dýrum mannvirkjum ef ekki brugðist við strax. Hvaða möguleikar eru samt á því að áfangaskipta verkefninu ef önnur lausn krefðist fjármagns sem tæki lengri tíma að ná?